



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

637. stjórnarfundur þriðjudaginn 8. apríl 2025 kl. 17:00

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Örn Arnarson, Stefán Guðjónsson, Guðmundur Steinarsson og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

- A. Tölvupóstur frá foreldri vegna yngri flokka í körfu. Málið er hjá barna- og unglingaráði.
- B. Tölvupóstur frá blakdeildinni vegna merkinga á peysum félagsins. Framkvæmdastjóri hefur samband við fulltrúa blakdeildar.

3. Send bréf

- A. Tölvupóstur sendur á oddvita flokka í Reykjanesbæ með ítrekun á nauðsyn þess að öryggismyndavélum verði fjölgað í og við íþróttamannvirki sem Keflavík hefur aðgang að.
- B. Tölvupóstur sendur á Hafþór B. Birgisson. Keflavík óskar eftir auka búningaaðstöðu á HS Orku vellinum og við gervigrasvöllinn vestan Nettóhallar.

4. Körfuknattleiksdeild Keflavíkur

Almenn umræða um uppgjör á þessu tímabili og skipulag fyrir það næsta.

5. Þorablót

Fulltrúar aðalstjórnar funduðu með þorablótsnefnd. Skipa þarf nefnd núna í vor fyrir næsta blót. Ákveðið að framkvæmdastjóri og fjármálastjóri Keflavíkur sitji í nefndinni og taki að sér ákveðin verkefni.

6. Peysur á stjórnarfólk

Ákveðið að kaupa peysur merktar Keflavík á stjórnarfólk.

7. DK hugbúnaður

Samþykkt að kaupa viðbót við kerfið til að geta bætt við deildum í bókhaldið.

8. Staðan á uppbyggingu íþróttamannvirkja

Framkvæmdastjóri hefur ekki fengið svör frá Reykjanesbæ varðandi stöðuna.

9. Önnur mál

- A. Geymslubúr fyrir bolta og áhöld eru komin í Nettóhöllina.
- B. Starfsskýrsla til ÍSÍ er klár, búið að skila.
- C. Það fór bíll inn á gervigrasið og það er verið að meta tjónið eftir þessa uppákomu.
- D. Herra- og konukvöld verður 23. apríl 2025. Hvetjum alla til að mæta.
- E. Taekwondo deild Keflavíkur varð Íslandsmeistari fyrir nokkrum dögum. Virkilega vel gert, til hamingju.
- F. Rekstrarsamningur vegna reksturs á íþróttahúsinu við Sunnubraut ræddur.

Fundi lokið kl. 18:10

Næsti fundur verður þriðjudaginn 29. apríl kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.